RAFORKUMÁLASTJÓRI

í hillu
2

ORKUSTOFNUN
MÁLASAFN
442.3
/Jökulsá

# M Æ L I N G A K O S T N A Ð U R

við

JÖKULSÁ Á FJÖLLUM

sumarið 1954.

febrúar

1955

Raforkumálastjóri

M Æ L I N G A K O S T N A Ð U R

við

JÖKULSÁ Á FJÖLLUM

sumarið 1954.

Febrúar

1955

Efnisyfirlit:


Formáli ........................................ bls. 1

Sundurgreining á viðskiptamannareikningi ...... " 2

Sundurgreining á mælingakostnaði við Jökulsá á Fjöllum sumarið 1954 .......................... " 3

Vinna, a ........................................ " 4

Ferðakostnaður, b .............................. " 6

Uppihald, c ..................................... " 7

Áhöld og efni, d ............................... " 16

Bifreiðaleiga, e ............................... " 17

Tækjaleiga, f ................................... " 18

Ljósprentun, g ................................. " 19

Ýmislegt, i ..................................... " 2o

Til mælingadeildarinnar, j ..................... " 21

Formáli.

Sumarið 1954 var unnið að mælingum við Jökulsá á Fjöllum. Veðurfar var mjög óhagstætt en önnur aðstaða góð. Kostnaðurinn við verkið á að vera í samræmi við þann kostnað, sem ætla má að verði við mælingar vegna athugana um stórvirkjanir á Íslandi.

Kostnaðinum hefur verið skipt niður í megindráttum eftir bókstafamerkingu yfirverkfræðings. Þó er þóknun sú, er mælingadeildin reiknar sér, talin hér sérstakur liður. Reynt hefur verið að samræma flokkunina betur en gert hefur verið í upphafi. Komið hefur í ljós, að það virðist nokkurri tilviljun háð, hvað fært er á B2M-reikning og hvað fært er á aðra B-reikninga. Ekki er það leiðrétt hér. Tilhneiging virðist vera til þess að færa sem mest á B2M-reikningana.

Í athugasemdum við hina einstöku liði er m.a. á það bent:

1. (liður a) að eðlilegt megi teljast að laun verði að einhverju leyti hækkuð.
2. (liður d) að möguleikar muni vera á að gera hagkvæmari kaup á aluminiumplötum.
3. (liður j) að þóknun sú, sem mælingadeildin reiknar sér sé óeðlilega há.

Einnig virðist ástæða til að vekja athygli á lið c. Liður sá er nokkuð hár, en þó óvíst að þar sé nokkuð hægt að spara, eins og leitazt er við að rökstyðja í athugasemdunum.

Raforkumálaskrifstofan

febrúar 1955

Steingr. Pálsson

# SUNDURGREINING

## á viðskiptamannareikningi B2M-3o3

## 1954.

| | Debet | Credit |
|---|---|---|
| Mølingakostnaður | 393.404,63 | |
| Endurgreiddur fæðiskostnaður | | 15.820,00 |
| Annar kostnaður en mølingakostnaður | 14.545,48 | |
| Ranglega fært á mølingakostnað | 2.134,30 | |
| Raforkusjóður | | 394.264,41 |
| Samtals kr: | 410.084,41 | 410.084,41 |

Matarbirgðir eru kr. 2.322,00 og nettó-mølingakostnaður er því:

| | | |
|---|---|---|
| | 393.404,63 | kr. |
| ÷ | 15.820,00 | " |
| ÷ | 2.322,00 | " |
| Samtals: | 375.262,63 | kr. |

# SUNDURLIÐUN

## á mælingakostnaði við Jökulsá á Fjöllum

## sumarið 1954

| | kr. | % af heildarkostn. | kr/km$^2$ |
|---|---|---|---|
| a Vinnulaun | 170.000 | 45,3 | 240 |
| b Ferðakostnaður | 4.000 | 1,1 | 6 |
| c Uppihald | 38.000 | 10,1 | 54 |
| d Áhöld og efni | 20.000 | 5,3 | 29 |
| e Bifreiðar og hestar | 57.000 | 15,3 | 82 |
| f Tækjaleiga | 11.500 | 3,1 | 16 |
| g Ljósprentun og kort | 400 | 0,1 | 0,6 |
| i Ýmislegt | 2.700 | 0,7 | 4 |
| j Til mælingadeildar | 71.500 | 19,0 | 102 |
| Samtals: | 375.000 | 100,0 | 535 |

Frá lið c hafa verið dregnar birgðir og endurgreiddir fæðispeningar.

Við útreikning á kr/km$^2$ er gert ráð fyrir að svæðið sé 700 km$^2$.

## Vinna

B2M-3o3/a

| | kr. | % af heildarkostn. | kr/km² |
|---|---|---|---|
| Greidd vinnulaun | 169.812,87 | 45,25 | 242,59 |

Frá bókfærðum vinnulaunum hefur verið dregið 5% og flutt á lið c, uppihaldskostnað, þar sem mælingamenn sáu sjálfir um matreiðslu.

Skipting vinnustunda og launa (fært á a og c) eftir launaflokkum.

| Flokkur | I | II | III | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | 3 | 2 | 6 | 11 |
| Grunnlaun kr. | 14,00 | 12,00 | 10,00 | |
| Tímakaup sumarið 1954 | 21,58 | 19,00 | 16,06 | |
| Vinnustundir | 3o5o | 155o | 52oo | 98oo |
| % vinnust. | 31 | 16 | 53 | 1oo |
| Laun | 658oo | 294oo | 835oo | 1787oo |
| % laun | 37 | 16 | 47 | 1oo |
| Tímar/km² | 4,4 | 2,2 | 7,4 | 14 |
| kr/km² | 94 | 42 | 119 | 255 |

Hinir ýmsu mælingamenn unnu misjafnlega lengi við Jökulsá.

Vinna hófst kl. 9-1o á morgnana að jafnaði. Kom þó fyrir að byrjað var fyrir kl. 7 en gat dregizt fram undir hádegi. Kvöldin eru bezt til mælinga meðan birtu nýtur, því ekkert um það að sakast þó ekki sé fyrr byrjað á morgnana.

Vinnutími var talinn frá því að lagt var af stað að heiman þar til heim var komið aftur að viðbættum matartíma (samkv. reglum er getur í aths. við lið 63 B2M-3o3/c a).

Talið var rétt að mælingamenn fengju frí til að matast einu sinni á dag og hefðu til þess 4o mínútur.

Þegar veður hamlaði vinnu fyrri hluta dags, en farið var til vinnu seinni partinn, var talið að vinnudagur hæfist kl. lo og vinnustundir reiknaðar frá þeim tíma þar til heim var komið.

Mælingamönnum var tryggð kaupgreiðsla í 8 tíma á dag. Var einnig litið svo á, að þeim bæri skylda til að vinna þann tíma alla virka daga, ef vinnufært var.

Vinnudagurinn var þó að jafnaði rúmir 12 tímar. Veður var mjög óhagstætt í sumar og margir innilegu dagar (um 2oo eða 25% af öllum vinnudögum). Verður af því ljóst, að meðal vinnudagur, þegar fært var til mælinga, var tæpar 14 stundir.

Greitt er sama kaup fyrir alla tíma. Þó er ljóst, að Raforkumálaskrifstofunni er í því mikill hagur, að vinnudagurinn verði sem lengstur, þar eð effektivur vinnutími eykst jafn mikið og vinnudagur lengist. Gera má ráð fyrir að óeffektivur vinnutími sé um 3 tímar á dag að jafnaði, en stundum mun lengri. Virðist af þessu að ekki væri óeðlilegt að mælingadeildin greiddi einhverja eftirvinnu, þar sem hún hefur mikilla hagsmuna að gæta um lengd vinnudagsins. Gegn því má þó benda á, að ekki eru möguleikar á því að lengja vinnudaginn frá því sem verið hefur, og mælingamenn hafa unnið þann tíma án hvatningar. Einnig mun eftirspurn eftir vinnu vera meiri en framboðið.

FERÐAKOSTNAÐUR

B2M-3o3/b

| | kr. | % af heildarkostn. | kr/km$^2$ |
|---|---|---|---|
| Fargjöld með áætlunarferðum | 3.959,oo | 1,o6 | 5,66 |

Í lið þessum eru fargjöld sumra mælingamannanna frá Reykjavík til vinnu við Jökulsá og frá vinnu til Reykjavíkur.

Þar sem það er venjubundinn réttur að verkamönnum skuli séð fyrir fari í næsta kaupstað hálfsmánaðarlega, þótti eðlilegt að mælingamenn fengju greidd fargjöld til og frá Akureyri, ef þeir tóku sér frí. Var þess neytt í fjórum tilfellum. Er sá kostnaður talinn hér með.

UPPIHALD

B2M-303/c

| | Kr. | Kr. | kr/ fæðisd. | % af 5-54 | % af c | % af heild | kr/km$^2$ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Tjald | 2.149,20 | | 2,72 | | | | |
| 2. Trollgarn | 130,50 | | 0,16 | | | | |
| 3. Viðg. á bedda | 30,00 | | 0,04 | | | | |
| 4. Samt. nr. 1-3 | | 2.309,70 | 2,92 | | 4,30 | | 3,30 |
| 5. Nýmjólk | 1.863,95 | | 2,36 | 7,09 | | | |
| 6. Dósamjólk | 1.300,00 | | 1,64 | 4,94 | | | |
| 7. Samt. nr. 5&6 | | 3.163,95 | 4,00 | 12,03 | | | |
| 8. Egg | 143,00 | | 0,18 | 0,54 | | | |
| 9. Hafragrjón | 26,50 | | 0,03 | 0,10 | | | |
| 10. Corn Flakes | 213,50 | | 0,27 | 0,81 | | | |
| 11. Skyr | 105,30 | | 0,13 | 0,40 | | | |
| 12. Sykur | 193,15 | | 0,24 | 0,73 | | | |
| 13. Kako | 588,25 | | 0,74 | 2,24 | | | |
| 14. Kaffi | 367,00 | | 0,46 | 1,40 | | | |
| 15. Te | 21,00 | | 0,03 | 0,08 | | | |
| 16. Kringlur | 27,00 | | 0,03 | 0,10 | | | |
| 17. Kaffibrauð | 45,00 | | 0,06 | 0,17 | | | |
| 18. Síróp | 6,00 | | 0,01 | 0,02 | | | |
| 19. Brauð | 547,25 | | 0,69 | 2,08 | | | |
| 20. Kex | 682,40 | | 0,86 | 2,60 | | | |
| 21. Smjör | 2.789,50 | | 3,53 | 10,61 | | | |
| 22. Ostur | 1.596,76 | | 2,02 | 6,07 | | | |
| 23. Kæfa | 300,00 | | 0,38 | 1,14 | | | |
| 24. Rækjur | 232,50 | | 0,29 | 0,88 | | | |

UPPIHALD

B2M-303/c

| | Kr. | Kr./ fæðisd. | % af 5-54 | % af c | % af heild | kr/km$^2$ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 25. Reyktur rauðmagi | 51,00 | 0,06 | 0,19 | | | |
| 26. Reyktur silungur | 90,00 | 0,11 | 0,34 | | | |
| 27. Smjörsíld | 167,50 | 0,21 | 0,64 | | | |
| 28. Sardínur | 96,25 | 0,12 | 0,37 | | | |
| 29. Lifrapasta | 15,75 | 0,02 | 0,06 | | | |
| 30. Rúllupylsa | 28,00 | 0,04 | 0,11 | | | |
| 31. Súkkulaði | 1.620,00 | 2,05 | 6,16 | | | |
| 32. Sítrónur | 995,85 | 1,26 | 3,79 | | | |
| 33. Tómatar | 1.075,00 | 1,36 | 4,09 | | | |
| 34. Súpur | 165,00 | 0,21 | 0,63 | | | |
| 35. Saltur og nýr fiskur | 35,80 | 0,05 | 0,14 | | | |
| 36. Salt og nýtt kjöt | 601,00 | 0,76 | 2,29 | | | |
| 37. Pylsur, niðursoðnar | 3.807,00 | 4,81 | 14,48 | | | |
| 38. Kjöt, niðursoðið | 2.166,00 | 2,74 | 8,24 | | | |
| 39. Kjötbúðingur | 336,00 | 0,42 | 1,28 | | | |
| 40. Fiskbúðingur | 490,55 | 0,62 | 1,87 | | | |
| 41. Grænmeti, nýtt | 63,00 | 0,08 | 0,24 | | | |
| 42. Grænmeti niðursoðið | 557,50 | 0,70 | 2,12 | | | |
| 43. Spaghetti | 416,50 | 0,53 | 1,58 | | | |
| 44. Kartöflur | 255,00 | 0,32 | 0,97 | | | |
| 45. Hrísgrjón | 79,80 | 0,10 | 0,30 | | | |
| 46. Rúsínur | 287,50 | 0,36 | 1,09 | | | |
| 47. Hveiti | 6,40 | 0,01 | 0,02 | | | |
| 48. Smjörlíki | 55,00 | 0,07 | 0,21 | | | |

# UPPIHALD

## B2M-303/c

| | | Kr. | Kr. | kr/ fæðisd. | % af 5-54 | % af c | kr/km² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 49. | Tomatketchup | 750,00 | | 0,95 | 2,85 | | |
| 50. | Sinnep | 99,00 | | 0,13 | 0,38 | | |
| 51. | Salt | 19,50 | | 0,02 | 0,07 | | |
| 52. | Soya | 9,00 | | 0,01 | 0,03 | | |
| 53. | Sulta | 289,00 | | 0,37 | 1,10 | | |
| 54. | Harðfiskur | 616,00 | | 0,78 | 2,34 | | |
| 55. | Samtals nr. 5-54 | | 26.291,96 | 33,24 | 100,00 | 48,98 | 37,56 |
| 56. | Sápa | 46,80 | | 0,06 | | | |
| 57. | Eldspýtur | 103,50 | | 0,13 | | | |
| 58. | Klósettpappír | 67,90 | | 0,09 | | | |
| 59. | Áhöld | 551,65 | | 0,70 | | | |
| 60. | Olía | 366,48 | | 0,46 | | | |
| 61. | Samtals nr. 56-60 | | 1.136,33 | 1,44 | | 2,12 | 1,62 |
| 62. | Flutningur | 1.084,60 | | 1,37 | | 2,02 | 1,55 |
| 63. | Vinnulaun | 8.937,52 | | 11,30 | | 16,65 | 12,77 |
| 64. | Kayptur matur á bæjum | 2.480,00 | | 3,14 | | 4,62 | 3,54 |
| 65. | Veitingah. matur | 9.063,30 | | 11,46 | | 16,88 | 12,95 |
| 66. | " gisting | 2.378,10 | | 3,01 | | 4,43 | 3,40 |
| 67. | Samtals nr. 65&66 | | 11.441,40 | 14,47 | | 21,31 | 16,35 |
| | Samtals | 53.681,51 | | 67,87 | | | 76,69 |
| | ÷ gr. fæðispen. | ÷ 15.820,00 | | ÷ 20,00 | | | |
| | Samtals | 37.861,51 | | 47,87 | | | 54,09 |

B2M-303/c greiðir 70,5% af uppihaldskostnaðinum.

Mælingamenn greiða 29,5%.

Við athugun á fæðiskostnaði mælingamanna verður að hafa það í huga, að meðal vinnudagur var ca. 12 tímar og allir sunnudagar unnir.

Á morgnana átu mælingamenn smurt brauð og drukku kakó. Smurðu þeir þá nestisbita og höfðu með sér kalt kakó á pelum. Einnig höfðu þeir í nesti sítrónur og súkkulaði. Var einu sinni setzt niður um miðjan dag og nestið borðað. Þegar heim kom á kvöldin, eftir 12-16 tíma útiveru, var hitaður matur. Einn réttur aðeins og þó einstaka sinnum molakaffi á eftir.

1-3. Hér hefur verið færður sem dvalarkostnaður eitt tjald, trollgarn og viðgerð á bedda. Höfðum við 8 tjöld, sem mælingadeildin á, svo og bedda. Ekki er á reikningum gert fyrir leigu á viðlegubúnaði en virðist nóg reiknað með því að gera B2M-303 að greiða eitt tjald að fullu. Þá skal þess getið, að beddar voru fengnir að láni hjá skátum í Reykjavík, leigulaust.

6. Þar sem það var takmarkað hve mikla mjólk var hægt að fá á bæjum, reyndist nauðsynlegt að nota einnig dósamjólk, þó að hún sé miklu dýrari. Nýmjólkin kostaði 2,50 kr/líter.

21. Eina viðbitið, sem notað var, var smjör, og mun erfitt að komast hjá því.

24. Þess skal getið um þennan lið, að reykjurnar voru keyptar í heimildarleysi. Var það gert einu sinni, en síðan tekið fyrir það.

31. Súkkulaði var skammtað. Fékk hver maður 62 1/2 gr. á dag, þegar mælt var, annars ekkert. Súkkulaðikaup þessi eru hagstæðustu matarkaupin, og verður ekki hjá þeim komizt við mælingar sem slíkar, þar sem vinnudagur er langur, göngur miklar og óhægt að flytja með sér mat.

32-33. Sítrónur reyndust hin þægilegasta fæða, góðar við þorsta, en þarna er ekki allsstaðar vatn að fá, og eflaust bætiefnaríkar. Hámar þær enginn í sig sem sælgæti. Svipað er um tómata að segja, utan það að óhægt er að flytja þá í vösum sínum daglangt.

35-4o. Liðir þessir ná yfir kraftmetið. Eru þeir samtals 9,4o kr/dag og 28,3o% af efniskostnaðinum. Helmingur þess er pylsur og kosta þær 27,oo kr/1 kg dós. Var það aðalréttur sumarsins. Niðursoðið kjöt var einnig borðað, en er það ódrýgri matur, það sem það kostar jafnmikið dósin. Mun hafa þurft hálfa dós á mann í mál af pylsum og kjöti. Miklu minna var borðað af öðrum réttum og varla nokkuð af nýmeti. Er það erfitt viðfangs, þegar mælingamenn sjá sjálfir um matreiðslu, því ekki er hægt að matreiða það nema á innilegu dögum og engar aðstæður til að verja skemmdum.

49. Liður þessi mun ef til vill þykja heldur hár, en þar sem fæði er fábreytt, mun varla ástæða til að um það sé sakazt, þó drjúglega sé etið af kryddi.

59. Áhöld eru færð á reikning B2M-3o3 fyrir kr. 551,65. Eru það mataráhöld, sem keypt hafa verið í sumar. Önnur áhöld lagði mælingadeildin til án sérstakrar leigu, en hirðir auðvitað endurgjaldslaust fyrrnefnd áhöld, er B2M-3o3 var gert að greiða, og mun það nokkuð hæfileg greiðsla fyrir afnot af öllum áhöldunum, sem í úthaldinu voru, þó ekki of há.

62. Flutningi á matvælunum var hagað þannig, að í upphafi var fenginn bíll hjá kjötbúð KEA með ca 1 tonn að Grímsstöðum. Kostaði sá flutningur kr. 550,oo. Síðan var sent vikulega að Grímsstöðum með áætlunarferðinni Akureyri-Reyðarfjörður, var það ca. o,8 tonn og kostaði o,66 kr/kg. Mælingamenn náðu síðan í matvælin að Grímsstöðum, og er sá kostnaður ekki talinn hér með.

63. Liður þessi er áætlaður þannig, að hér er talið 5% af greiddum vinnulaunum. Sú áætlun er gerð samkvæmt nokkurri athugun. Mælingamenn matreiddu sjálfir. Var svo til ætlazt, að það gerðu aðeins II. og III. flokks menn, og skyldu þeir fá einn klt. á dag fyrir, en I. flokkur ynni að útreikningum þann tíma, þó þannig að þeir sæju um nesti sitt sjálfir. Fór þó svo af ýmsum ástæðum, meðal annars þeim, að mælingarnar urðu tafsamar og því nægar stundir til útreikninga, að I. flokks menn tóku þátt í matreiðslunni, nema Steingrímur Pálsson. Ef ekki var farið út vegna veðurs, fyrr en eftir venjulegan tíma, fengu mælingamenn aðeins hálfan matartímann. Eins var ef snætt var á veitingahúsi að kvöldi dags. Ef borðað var eingöngu á bæjum eða veitingahúsum, var að sjálfsögðu enginn matartími greiddur.

Í sambandi við þennan lið kemur til álita, hvort ekki væri hagkvæmara að hafa ráðskonu, sem sæi um matargerð alla. Ber þá fyrst að líta á það, að vinnudagur mælingamanna er mjög óreglulegur og að jafnaði mjög langur. Ómögulegt er að segja fyrir hvenær þeir muni koma heim að kvöldi, getur það dregizt nokkuð fram yfir miðnætti.

Mun erfitt að fá ráðskonu til að hafa mat til reiðu fram á nótt, án þess að fá aukagreiðslur fyrir. Einnig yrði hún að vinna alla sunnudaga. Verður af því ljóst að með ellefu manna hóp yrði lítill eða enginn sparnaður í vinnulaunum, þar sem ráðskona myndi fá ca 3.000,- kr. í laun á mánuði sé helgidagavinnan talin með en engin aukavinna, og fargjöld, efniskostnaður matar og ýms önnur gjöld mundu hækka við tilkvámu hennar. Mælingamenn höfðu 3.700,oo kr. á mánuði samtals fyrir matreiðslu.

Þá verður að telja þessu til óhagræðis, að oft kemur til þess að skipta verður flokknum, en ráðskonunni verður ekki skipt að sama skapi og verður því dýr í rekstri. Kom það þó ekki til að neinu ráði við Jökulsá, en verður í ríkari mæli þar sem umferð er ógreið.

Til hagræðis skal ráðskonunni það talið, að henni væri auðveldari hagsýn matreiðsla og getur það án efa munað þó nokkru, þar sem nýmeti kæmi í stað dósamatar. Ekki dugir sú röksemd að nokkru ráði í óbyggðum, þar sem erfitt er um aðdrætti og geymsla nýmetis ómöguleg.

Þá ber þess og að geta, að mælingamenn gætu haft þjónustu hjá konunni til mikils hagræðis, en vart mundi það koma fram á reikningshaldi þessu.

Niðurstaðan verður sú, að hagkvæmara sé að hafa ráðskonu, sé 3 eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Mælingamenn séu fleiri en 8.
2. Aðdrættir séu auðveldir.
3. Mælingamenn haldi hópinn.

64. Þessi liður er þannig til kominn, að í sept.-mánuði, þegar hópnum hafði verið skipt og liðið tekið að þynnast, keyptu mælingamenn kvöldmáltíðina á Austaralandi. Guldu þeir 25,oo kr. fyrir hver maður. Var þá dagur orðinn stuttur, svo að þeir komu ekki seint heim á kvöldin. Síðustu dagana, þegar aðeins tveir voru eftir, þáðu þeir allan mat þar og húsaskjól og guldu fyrir kr. 40,oo.

65 og 66. Veitingahúsareikningurinn er gizka hár, en þó varla aðfinnsluverður. Ferðin norður varð dýr, vegna bilana á bílunum. Tafði það um tvo daga og varð því drjúgt gistihúsareikningum.

Gist var á veitingahúsum á ferðalögum, en í annan tíma ekki.

Meðiskostnaður á veitingahúsum á ferðalögum reyndist vera 5.ooo,oo kr. Er það nokkuð há upphæð, þó aðeins neytt eðlilegra máltíða og fárra kosta völ.

Við mælingarnar hafa verið keyptar máltíðir fyrir kr. 3.2oo,oo. Kostuðu þær kr. 2o,oo til 25,oo. Þá daga, sem borðað var á veitingahúsum, var að sjálfsögðu ekki etin aðalmáltíð í tjöldunum, og ekki var greitt fyrir matreiðslu, eins og segir í athugasemdum við lið 63. Með tilliti til þessa og með hliðsjón af matarverðinu í tjöldunum, varð að álíta, að ekki væri óhaglegt þó að þetta væri lítið takmarkað. Má þess og geta, að þessi tilbreytni styrkti móralinn.

Þá er að telja þær 7oo,oo kr. er fóru fyrir kaffi á veitingahúsum utan ferðalaga. Hefði að sjálfsögðu verið hægt að taka fyrir það að mestu.

Var það gert að nokkru. Var ekki heimilt að fara í kaffi að Grímsstöðum, eftir að við fluttum þangað upp eftir. Meðan við bjuggum í Axarfirði munu menn þeir, er sóttu matvæli í Grímsstaði,hafa drukkið þar kaffi. Sama var gert, er menn fóru í kaupstað á Kópaskeri.

# ÁHÖLD OG EFNI

## B2M-3o3/d

| | Debet | % af d | % af heild | kr/km² |
|---|---|---|---|---|
| Verkfæri | 684,05 | 3,41 | | o,98 |
| Stikur | 1.376,3o | 6,87 | | 1,97 |
| Flögg | 1.o75,oo | 5,37 | | 1,54 |
| Melar | 1.584,58 | 7,91 | | 2,26 |
| Plötur | 9.192,75 | 45,89 | 2,45 | 13,13 |
| Málning | 1.214,25 | 6,o6 | | 1,73 |
| Pokar | 1.241,oo | 6,2o | | 1,77 |
| Vír | 147,2o | o,73 | | o,21 |
| Naglar | 114,6o | o,57 | | o,16 |
| Fleygboltar | 1.466,14 | 7,32 | | 2,o9 |
| Steinborar | 1.116,35 | 5,57 | | 1,59 |
| Sement | 63,65 | o,32 | | o,o9 |
| Rör | 756,4o | 3,78 | | 1,o8 |
| Samtals: | 2o.o32,27 | 1oo,oo | 5,34 | 28,62 |

Á lið þennan eru færð aðeins áhöld þau og efni, sem til sjálfra mælinganna þurfti.

Myndpunktarnir voru gerðir með aluminium-plötum og hveitipokum. Plöturnar voru o,6xo,6 m og voru 4 settar saman svo að varð 1,oxl,o m. Er það óhagkvæmlega farið með efnið, en varla er hægt að hafa plöturnar í einu lagi, vegna flutningserfiðleika. Hægt væri þó að komast af með plötur o,55xo,55 m og nokkuð þynnri, t.d. o,5 mm í stað o,7 mm á þykkt. Efnissparnaður yrði um 4o% en ekki er víst um verðsparnað þar sem hér er um lítið magn að ræða og því háð framleiðslunormum.

# BIFREIÐALEIGA.

B2M-303/e

| | Debet | % af e | % af heild | kr/km$^2$ |
|---|---|---|---|---|
| Eigin bílar | 55.664,04 | 96,80 | 14,83 | 79,52 |
| Leigubílar v/mælinga | 700,00 | 1,22 | | 1,00 |
| Hestleiga | 688,00 | 1,20 | | 0,98 |
| Leigubílar í kaupst. | 452,00 | 0,78 | | 0,65 |
| Samtals: | 57.504,04 | 100,00 | 15,32 | 82,15 |

1. Við verkið voru notaðar bifreiðarnar R-1556 (Petrína) og R-3024 (Jakobína). Var ekið samtals 22.200 km og bílarnir í notkun 180 daga samtals. Leiga fyrir bílana er 42,00 kr/dag + 2,17 kr/km.

2. Nokkurn tíma sumarsins var R-1556 við annað starf og þar sem R-3024 bilaði þá var nauðsynlegt að fá leigða bíla til flutnings á mælingamönnum.

3. Hestar voru leigðir til þess að komast í þá mælistaði, sem óhægt var að komast að á bílum. Voru greiddar kr. 4,00 á tímann fyrir þau afnot.

4. Leigubílar í kaupstöðum eru nokkuð miklir. Stafar það að mjög verulegu leyti vegna snúninga við að ná í mælitækið T-3 hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

TÆKJALEIGA

B2M-303/f

| | Debet | % af f | % af heild | kr/km² |
|---|---|---|---|---|
| Leiga fyrir T-3 | 2.675,oo | 23,21 | | 3,82 |
| " " T-2 | 3.550,oo | 30,80 | | 5,07 |
| " " hallamæla | 5.300,oo | 45,99 | | 7,57 |
| Samtals: | 11.525,oo | 100,oo | 3,07 | 16,46 |

Leiga fyrir tækið er 25,oo kr/dag. Var notað:

1 tæki T-3 í 1o7 daga

2 " T-2 í samtals 142 daga

3 " N-II í samtals 212 daga

Tæki þessi eru eign mælingadeildar, nema einn hallamælir (N-II) er fenginn var að láni hjá Stoð h/f í 4o daga.

Mælingadeildin tekur aðeins gjald fyrir hin optisku mælitæki, en ekki fyrir mælistengur, málbönd, bakpoka og þvílíkt. Viðhald á mælitækjum og eðlileg afskrift á þeim hlutum, sem ekki er tekin leiga fyrir er 5000 kr/ári. (Þar í eru taldar 3 mælistengur á kr. 3100,00 samtals).

Tekjur deildarinnar af mælitækjunum voru kr. 21.825,oo. Ef frá er dregið framangreint viðhald og afskriftir, eru eftir 17.000,00 kr., sem vextir og fyrning af sjálfum mælitækjunum. Kaupverð þeirra mælitækja, sem leigð eru, er í dag samtals kr. 135,000,00. Vextir og fyrning á árinu er því 12,6%. Mun það ekki of mikið.

Ástæða þykir þó til að vekja athygli á því, að sama dagsleiga er fyrir öll tæki, hvort sem kaupverð þeirra er kr.3.700,oo eða 34.000,00.

## LJÓSPRENTUN

B2M-3o3/g

| | Debet | % af g | % af heild | $kr/km^2$ |
|---|---|---|---|---|
| Kort | 94,75 | 23,45 | | o,14 |
| Ljóskopiering | 4o,7o | 1o,o7 | | o,o6 |
| Myndataka hjá Lithoprent | 268,65 | 66,48 | | o,38 |
| Samtals: | 4o4,1o | 1oo,oo | o,11 | o,58 |

ÍMISLEGT

B2M-3o3/i

| | Debet | % af 1 | % af heild | $kr/km^2$ |
|---|---|---|---|---|
| 1. Póstur og sími | 1.391,2o | 52,23 | 0,37 | 1,99 |
| 2. Flutningsgjöld | 487,35 | 18,3o | | 0,7o |
| 3. Kaðall | 27,00 | 1,01 | | 0,04 |
| 4. Skrifbækur og umslög | 54,95 | 2,06 | | 0,08 |
| 5. Sjúkrakassi | 51,9o | 1,95 | | 0,07 |
| 6. Hespa og lás | 44,93 | 1,69 | | 0,06 |
| 7. Smurolía | 3,5o | 0,13 | | 0,01 |
| 8. Brýni | 2,00 | 0,07 | | 0,00 |
| 9. Sandpappír | 0,85 | 0,03 | | 0,00 |
| 1o. Skaðabætur v/skemmda á vegi | 600,00 | 22,53 | | 0,86 |
| Samtals: | 2.663,68 | 100,00 | 0,71 | 3,81 |

1. Símagjöldin eru að mestu leyti fyrir hraðsímtöl. Reyndist það nauðsynlegt, þar sem við höfðum óhægan aðgang að síma, og sjaldan hægt að fá afgreidd venjuleg símtöl samdægurs. Á mælingadögum var það enn nauðsynlegra, þar sem annað hefði tafið vinnu og orðið mun óhagstæðara.

2. Helmingur af lið þessum er vegna flutnings á aluminiumplötunum frá Reykjavík til Akureyrar. Að öðru leyti eru það flugfargjöld fyrir bindivír og sítrónur frá Reykjavík til Akureyrar. Vörur þær fengust ekki á Akureyri. Þá er og þar með talið farmgjald og trygging á hallamæli frá Kópaskeri til Reykjavíkur.

1o. Mælingamenn skemmdu nokkuð veginn að Vestralandi með umferð bíla í vætusömu tíðarfari. Vegurinn var ómalborinn og gróf st nokkuð. Bæturnar eru við það miðaðar að greiða þá vinnu, sem fór í að jafna veginn svo hægt væri að malbera hann.

## TIL MÆLINGADEILDAR

B2M-3o3/j

| | kr. | % af heildarkostn. | kr/km² |
|---|---|---|---|
| Til mælingadeildar | 71.5oo,16 | 19,o5 | 1o2,15 |

Liður þessi er álagning mælingardeildar á vinnulaun mælingamanna. Er sú álagning 4o% á greidd vinnulaun (færð á liði a og c). Mun það eiga að vera endurgjald fyrir vinnu aðalskrifstofu og yfirverkfræðings mælingadeildar. Öll vinna, sem fór til undirbúnings mælingunum, var færð með þessu sama álagi á málið. Útgjöld mælingadeildarinnar vegna tækja og áhalda virðast að mestu greidd af málinu undir öðrum liðum. Landmælingar sumarsins hafa greitt mælingadeildinni 95 þús. krónur, eða sem svarar þriðjungi af hluta deildarinnar í kostnaði aðalskrifstofunnar og árslaunum yfirverkfræðings.